

Ed.

478. Breytingartillögur

[147. mál]

við frv. til laga um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

1. Við 4. gr. 4. mgr. b-liður orðist svo:
Framlag úr ríkissjóði, að fjárhæð kr. 40 000 000.00. Til þess að mæta þessum útgjöldum skal miða eignarskatt við gildandi fasteignamat þrefaldað. Ákvæði þetta gildir þó ekki um bújarðir í sveitum með tilheyrandi íbúðar- og peningshúsum og öðrum mannvirkjum.
2. Við 4. gr. 4. mgr. c-liður orðist svo:
1% álag, er innheimta skal aukalega, á tekju- og eignarskatt og ½% á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá.
3. Við 12. gr. Við 1. mgr. bætist nýir málslíðir, svo hljóðandi:
Kaupgreiðendur skulu krefjast þess, að launþegar færi sönnur á aldur sinn með framvísun nafnskirteinis, hvenær sem ástæða er til, þegar laun eru greidd. Launþegar skulu sýna kaupgreiðendum nafnskirteini, hvenær sem hinir síðarnefndu telja sig þurfa að sjá það vegna fyrirmæla þessarar málsgreinar.
4. Við 19. gr. Eftir orðunum „Lög þessi öðlast þegar gildi“ komi: og fer um álagningu eignarskatts á árinu 1965 samkvæmt b-lið 4. mgr. 4. gr. þessara laga.